



Skýrsla um eftirfylgni:
Hólaskóli – Háskólinn á Hólum

Október 2014

Efnisyfirlit

Niðurstöður og ábendingar	3
Viðbrögð við ábendingum	7
1 Inngangur.....	10
2 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum	11
2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011	11
2.2 Þróun rekstrar og efnahags Hólaskóla árin 2010–14.....	12
2.3 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim.....	13

Niðurstöður og ábendingar

Í skýrslunni *Hólaskóli – Háskólinn á Hólum* (nóvember 2011) leitaði Ríkisendurskoðun svara við því hvort verkefni skólans væru vel skilgreind, hvort staða hans innan háskólakerfisins væri skýr og hvort hann ætti sér framtíð í þáverandi mynd. Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu skólans var einnig fjallað um rekstur hans og efnahag.

**Fjárhagsstaða
Hólaskóla alvarleg**

Í skýrslunni kom fram að í byrjun árs 2008 hafi stjórnslulegt forræði Hólaskóla færst frá landbúnaðarráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Síðan þá hefði ráðuneytið unnið að því að skýra stöðu skólans innan háskólakerfisins, fella hann undir lög um opinbera háskóla og fá lög um búnaðarfræðslu felld úr gildi. Að mati Ríkisendurskoðunar voru verkefni Hólaskóla nokkuð vel skilgreind í reglugerð um skólann. Þar væri þó kveðið á um að hann sinnti verkefnum tengdum staðarhaldi á Hólum sem ekki féllu undir hefðbundið háskólastarf. Fram kom að ráðuneytið ynni að því að greina staðarhald frá skólahaldi og einnig að gerð samnings um að Sveitarfélagið Skagafjörður tæki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið á Hólum.

**Staðarhald á Hólum
fellur ekki undir hefðbundið
háskólastarf**

Fram kom í skýrslunni að mikill uppsafnaður halli og háar skuldir vektu spurningar um hagkvæmni Hólaskóla sem rekstrareiningar og framtíð hans í þáverandi mynd. Tiltekin lágmarksfjöldi ársnemenda þyrfti til að falla að reglum um fjárveitingar til háskóla en fjöldi ársnemenda Hólaskóla hefði aldrei uppfyllt það viðmið. Með samstarfsneti opinberra háskóla gæfist litlum og fámönnum skólum þó kostur á að sérhæfa sig í tilteknum fræðigreinum en Ríkisendurskoðun taldi mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneyti legði mat á hvort í því fælist faglegur og fjárhagslegur ávinningur að sameina Hólaskóla öðrum háskóla.

**Ráðuneytið legði
mat á hvort sameina
ætti Hólaskóla öðrum
háskóla**

Fram kom að árin 2009 og 2010 hefði rekstur Hólaskóla að mestu rúmast innan fjárveitinga hvors árs en uppsafnaður halli hefði engu að síður numið 76 m.kr. í árslok 2010. Heildarskuldir væru 207 m.kr., þar af væri skuld við ríkissjóð 178 m.kr.

**Árið 2010 nam
uppsafnaður halli
76 m.kr. og heildarskuld
207 m.kr.**

Frá því skýrslan kom út árið 2011 hefur fjárhagsstaða skólans enn versnað. Í árslok 2013 nam uppsafnaður halli um 157 m.kr. (neikvætt eigið fé) og heildarskuldir skólans námu 245 m.kr., þar af nam skuldin við ríkissjóð 233 m.kr. Í árslok 2014 stefnir í að uppsafnaður halli Hólaskóla verði 178 m.kr. Að mati Ríkisendurskoðunar er fjárhagsstaða Hólaskóla mikið áhyggjuefni og brýnt að mennta- og menningarmálaráðuneyti og forráðamenn skólans í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti taki á málinu sem fyrst.

**Stefnir í að uppsafnaður
halli verði 178 m.kr. í
árslok 2014**

Í skýrslu sinni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun sjö ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í fyrsta lagi þyrfti að ákveða stöðu Hólaskóla til framtíðar. Í viðbrögðum sínum árið 2011 sagði ráðuneytið að unnið væri að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla í þá veru að Hólaskóli félli undir gildisvið þeirra. Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að lagabreytingin hefði tekið gildi 1. júlí

**Sjö ábendingar til
ráðuneytisins
2011, sex
ítrekaðar 2014**

Ákveða þurfi stöðu Hólaskóla til framtíðar, ítrekað 2014

2013. Þá hefði gæðaráð íslenskra háskóla gert gæðaúttekt á starfsemi Hólaskóla árið 2013. Að mati ráðuneytisins hafi niðurstöður þess verið hvatning til að kannaðir yrðu möguleikar á að sameina skólann við aðra háskólastofnun. Ráðuneytið hefði ekki enn gert það vegna undirbúnings að mögulegri sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Ábendingin er ítrekuð.

Reksturinn skal ávallt rúmast innan fjárheimilda, ítrekað 2014

Í öðru lagi þyrfti ráðuneytið að tryggja að rekstur Hólaskóla rúmaðist ávallt innan fjárheimilda. Í viðbrögðum sínum 2011 tók ráðuneytið undir þetta. Í upplýsingum þess um þróun mála árið 2014 kom fram að rekstur Hólaskóla hefði verið erfiður árin 2011 og 2012. Þá kom fram að viðræður hefðu farið fram á milli ráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytis um málefni skólans, án niðurstöðu. Í ljósi þeirrar alvarlegu fjárhagsstöðu Hólaskóla árið 2014, sem greint er frá hér að framan, ítrekar Ríkisendurskoðun ábendingu sína.

Finna verði varanlega lausn á skuld við ríkissjóð, ítrekað 2014

Í þriðja lagi benti Ríkisendurskoðun á mikilvægi þess að fundin yrði varanleg lausn á skuld skólans við ríkissjóð. Í viðbrögðum sínum árið 2011 lýsti ráðuneytið sig sammála því að skólinn greiddi upp skuldir sínar. Árið 2014 sagðist það hafa lagt áherslu á að stjórnendur Hólaskóla héldu rekstri skólans innan fjárveitinga hvers árs án tillits til uppsafnaðs halla. Skólinn hefur ekkert greitt af skuldinni við ríkissjóð og hún hækkað úr 178 m.kr. árið 2010 í 233 m.kr. í árslok 2013, eða um 31%. Ábendingin er ítrekuð.

Viðskiptakröfur skulu gefa rétta mynd af stöðu skólans, ítrekað 2014

Í fjórða lagi var bent á að viðskiptakröfur Hólaskóla yrðu að gefa rétta mynd af stöðu hans. Í viðbrögðum sínum 2011 tók ráðuneytið undir það. Árið 2014 upplýsti það að gert hafi verið átak í að afskrifa gamlar viðskiptakröfur sem ólíklegt þótti að myndu innheimtast. Í árslok 2013 námu viðskiptakröfur um 53 m.kr. og telur Ríkisendurskoðun óvíst að þær innheimtist allar. Ábendingin er ítrekuð.

Rekstraráætlun skal samþykkja innan tímamarka og án halla, ítrekað 2014

Í fimmta lagi var bent á mikilvægi þess að ráðuneytið samþykkti rekstraráætlun Hólaskóla innan tímamarka. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2011 tók það undir þetta. Árið 2014 upplýsti það að 29. nóvember 2013 hefði Hólaskóli skilað rekstraráætlun vegna ársins 2014 sem ráðuneytið samþykkti 9. janúar 2014. Reglur um tímamörk voru því virtar en ráðuneytið samþykkti áætlun skólans hins vegar með halla og tók ekki tillit til uppsafnaðs halla hans. Ábendingin er því ítrekuð með áherslu á þetta atriði.

Aðgreina þurfi skólahald frá staðarhaldi á Hólum, ítrekað 2014

Í sjötta lagi var bent á að flýta þyrfti aðgreiningu skólahalds frá staðarhaldi á Hólum. Í viðbrögðum sínum árið 2011 áformaði mennta- og menningarmálaráðuneyti að ganga frá samkomulagi vegna þessa í lok þess árs. Árið 2014 upplýsti það að ekkert hefði þokast í málinu. Ríkisendurskoðun bendir á að með gildistöku laga nr. 56/2013 um breytingu á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008, í júlí 2013, féllu lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu niður en reglugerð nr. 244/2003 sem kvað á um að Hólaskóli sinni staðarhaldi á Hólum var sett á grundvelli þeirra. Brýnt er að ráðuneytið leiði málið til lykta hið fyrsta og ábendingin því ítrekuð.

Samningur um kennslu og rannsóknir, ekki ítrekað 2014

Í sjöunda lagi benti Ríkisendurskoðun á mikilvægi þess að ráðuneytið gerði samning við Hólaskóla um kennslu og rannsóknir. Í viðbrögðum þess árið 2011 kom fram að það hefði unnið að flokkun og verðlagningu náms við Hólaskóla. Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að námið hefði verið skilgreint og flokkað í verðflokkum við undirbúning fjár-

lagafurvarps fyrir árið 2014. Þá hafi samningur um kennslu og rannsóknir Hólaskóla 2012–16 verið undirritaður 4. júlí 2012. Ábendingin er ekki ítrekuð.

Ríkisendurskoðun beindi þremur ábendingum til Háskólans á Hólum. Í fyrsta lagi var bent á mikilvægi þess að rekstur skólans væri í samræmi við fjárheimildir. Í viðbrögðum Hólaskóla árið 2011 kom fram að frá árinu 2009 hefði orðið viðsnúningur í rekstri hans. Árið 2014 upplýsti skólinn að hann hefði tekið upp verkþókhald 1. janúar 2012 og innleiðingu þess lokið árið 2013. Hann hefði átt í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá árinu 2011 um hlutverk sitt og að afgangur hefði orðið af rekstri árið 2013. Ríkisendurskoðun bendir á að ekki nægir að rekstur skólans sé innan fjárveitinga ársins heldur verði hann einnig að vinna á uppsöfnuðum halla sem er langt umfram leyfileg mörk reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Ábendingin er því ítrekuð.

Í öðru lagi benti Ríkisendurskoðun á að viðskiptakröfur yrðu að vera rétt metnar. Í viðbrögðum Hólaskóla árið 2011 kom fram að farið hefði verið að ráðgjöf Ríkisendurskoðunar um færslu styrkja og reikninga. Árið 2014 upplýsti skólinn að frá árinu 2011 hefðu 32 m.kr. verið afskrifaðar. Hann teldi líklegt að afganginn mætti innheimta. Að mati Ríkisendurskoðunar verður Hólaskóli að kanna betur hvort svo sé í raun og hefja innheimtuaðgerðir ef rétt reynist. Að öðrum kosti verði hann að leita eftir heimild til að afskrifa þær. Stofnunin ítrekar ábendinguna.

Í þriðja lagi benti Ríkisendurskoðun á að nýta ætti rekstraráætlun skólans sem stjórn-tæki. Í viðbrögðum sínum árið 2011 tók Hólaskóli undir það. Árið 2014 upplýsti skólinn að hann hefði notað rekstraráætlanir sem stjórn-tæki frá árinu 2009 og skili greinargerðum með þeim til ráðuneytisins. Samanburður Ríkisendurskoðunar á rekstraráætlunum og rauntölum leiddi í ljós að niðurstaða hvers árs var ekki í samræmi við áætlanir. Þá ber skólanum að halda rekstri sínum innan fjárheimilda hverju sinni, þ.e. fjárveitinga ársins að teknu tilliti til uppsafnaðs halla. Hann verður að lágmarki að nýta allan rekstrarafgang til lækkunar á uppsöfnuðum halla en árið 2014 nýtir hann 20,5 m.kr. afgang frá árinu 2013 til rekstrarins. Ábendingin er ítrekuð.

Þrjár ábendingar til Hólaskóla 2011, allar ítrekaðar 2014

Rekstur skólans skal vera í samræmi við fjárheimildir, ítrekað 2014

Viðskiptakröfur eiga að vera rétt metnar, ítrekað 2014

Rekstraráætlun á að nýta sem stjórn-tæki, ítrekað 2014

Ítrekaðar ábendingar til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Mikilvægt að ákveða stöðu Hólaskóla til framtíðar

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að ákveða hvort Hólaskóli starfi áfram sem sjálfstæður opinber háskóli, sameinist öðrum háskóla eða verði sjálfseignarstofnun á forræði þeirra atvinnugreina sem nám skólans lýtur að. Ráðuneytið þarf m.a. að meta fjárhagslega og faglega möguleika Hólaskóla til að standa undir nafni sem sjálfstæður háskóli, kostnað og ábata mismunandi valkosta og hafa nýtingu fjármuna og heildarhagsmuni menntunar í landinu að leiðarljósi. Þá þarf að líta til þeirrar aðstöðu og þekkingar sem fyrir hendi er hjá Hólaskóla.

2. Tryggja verður að rekstur Hólaskóla rúmist innan fjárheimilda

Verði Hólaskóli áfram rekinn sem sjálfstæður opinber háskóli verður ráðuneytið að tryggja að rekstrarforsendur hans séu raunhæfar og aga í fjármálastjórn svo að reksturinn rúmist ávallt innan fjárheimilda. Takist það ekki bendir Ríkisendurskoðun á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr.

ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá verður að leita varanlegra lausna á uppsöfnuðum halla Hólaskóla, í samstarfi við hann, án tillits til rekstrarforms hans til framtíðar.

3. Finna verður varanlega lausn á skuld skólans við ríkissjóð

Mennta- og menningarmálaráðuneyti verður að tryggja að ríkissjóður fái endurgreiddar 100 m.kr. sem fjármálaráðuneyti, fyrir milligöngu þess, greiddi Hólaskóla umfram fjárheimildir í mars 2009 til að grynna á viðskiptaskuldum hans, t.d. með því að halda eftir hluta af árlegum framlögum skólans. Að öðrum kosti er eðlilegt að ráðuneytið sæki um aukafjárveitingu vegna þessara fjármuna.

4. Viðskiptakröfur gefi rétta mynd af stöðu Hólaskóla

Líkur á að afskrifta sé þörf í viðskiptakröfum Hólaskóla veldur því að fjárhagsstaða hans kann að vera verri en ársreikningar segja til um. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneyti fylgi því eftir af festu að Hólaskóli komi viðskiptakröfum sínum í eðlilegt horf þannig að bókfært virði þeirra gefi ávallt rétta mynd af raunverulegri stöðu.

5. Taka verður tillit til uppsafnaðs halla í rekstraráætlun Hólaskóla

Ein af forsendum þess að rekstraráætlun Hólaskóla nýtist sem stjórnæki er að ráðuneytið samþykki hana innan rétttra tímamarka. Jafnframt verður áætlunin að taka mið af raunverulegri fjárheimild skólans, þ.e. að teknu tilliti til uppsafnaðs halla.

6. Aðgreining skólahalds frá staðarhaldi á Hólum verði flýtt

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að skilgreina sem fyrst hvað falli undir staðarhald á Hólum, greina kostnað vegna þess og semja við þrjú önnur ráðuneyti sem að því koma. Jafnframt verður það að semja við Sveitarfélagið Skagafjörð um yfirtöku á lögbundinni þjónustu við þéttbýlið Hóla. Staðarhald á Hólum samræmist illa hlutverki Hólaskóla sem háskólastofnunar.

Ítrekaðar ábendingar til Hólaskóla

1. Rekstur Hólaskóla verður að vera í samræmi við fjárheimildir

Rektor Hólaskóla ber endanlega ábyrgð á rekstri og starfsemi skólans. Stjórnendur verða að sýna aga og fagleg vinnubrögð í fjármálastjórn skólans, tryggja að rekstur hans sé innan fjárheimilda á hverjum tíma og að bókhaldið gefi ávallt rétta mynd af stöðu hans. Yfirstjórn skólans verður, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, að leita varanlegra lausna á fjárhagsvanda skólans.

2. Viðskiptakröfur verða að vera rétt metnar

Hólaskóli verður að tryggja að viðskiptakröfur séu innheimtar með markvissum hætti og ávallt rétt bókfærðar og metnar. Skólinn verður að tryggja, í samstarfi við Fjársýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun, að nauðsynlegar afskriftir eigi sér stað.

3. Rekstraráætlun sé nýtt sem stjórnæki

Stjórnendur Hólaskóla verða að nýta rekstraráætlun hvers árs sem stjórnæki til að halda rekstri skólans innan fjárheimilda. Það á ekki einungis við um fjárveitingar hvers árs, heldur verður jafnframt að taka tillit til uppsafnaðs halla skólans.

Viðbrögð við ábendingum

Viðbrögð mennta- og menningarmálaráðuneytis

1. Mikilvægt að ákveða stöðu Hólaskóla til framtíðar

„Ráðuneytið vinnur nú að stefnumótun til fimm ára um málefnasviðið „Háskólar og vísindastarfsemi“. Áhersla er lögð á heildstæða stefnumótun sem tekur til ólíkra þátta æðri menntunar, rannsókna og nýsköpunar auk stoðaðila málaflokksins. Miðað er við að stefnan verði m.a. lögð til grundvallar ákvörðunum er varða umfang kerfisins og skipulag. Gert er ráð fyrir að ofangreind stefnumótun geti legið fyrir á fyrri hluta næsta árs. Fyrir er ekki að vænta ákvarðana um stöðu Hólaskóla til framtíðar.“

2. Tryggja verður að rekstur Hólaskóla rúmist innan fjárheimilda

„Í kjölfar slakrar rekstrarniðurstöðu ársins 2012 réðust stjórnendur skólans, undir forystu nýráðins rektors, í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir sem snertu alla helstu þætti rekstrarins. Árangurinn varð sá að rekstrarkostnaður í öllum kostnaðarliðum, launum, húsnæðiskostnaði, aðkeyptri þjónustu o.s.frv., lækkaði á milli árána 2012 og 2013, mismikið þó. Samtals lækkuðu rekstrargjöld skólans um 37,7 m.kr. eða um 7,5%. Þessi árangur endurspeglar það kostnaðaraðhald sem stjórnendur skólans hafa haft í fyrirrími. Skólinn skilaði 20,5 kr. rekstrarafgangi árið 2013, en hafa þarf í huga að skólinn fékk það ár tímabundna 39 m.kr. fjárveitingu til eins árs. Þrátt fyrir að umræddar fjárveitingar njóti ekki lengur við er rekstur skólans í jafnvægi eftir fyrstu átta mánuði ársins. Gjöld eru 0,3% umfram áætlun og sértekjur eru 14,8% umfram áætlun. Nokkuð góðar horfur eru á að reksturinn verði í jafnvægi það sem eftir er ársins. Stjórnendur skólans leita allra leiða til að reksturinn verði í samræmi við fjárheimildir en ljóst er að rekstur skólans er viðkvæmur og ekki má mikið út af bregða til að rekstrarafkoman verði neikvæð.“

3. Finna verður varanlega lausn á skuld skólans við ríkissjóð

„Á undanförunum árum hefur ráðuneytið ítrekað sótt um auknar fjárveitingar til skólans, bæði í því skyni að styrkja rekstrargrunn hans og einnig til að greiða upp uppsafnaðan halla. Fyrir utan tímabundna fjárveitingu til eins árs, sem veitt var í fjárlögum 2013, hafa þessar tilraunir ráðuneytisins ekki borið árangur. Í ljósi þessarar stöðu liggur það fyrir að endurgreiðsla uppsafnaðs halla getur eingöngu hafist þegar skólinn hefur náð því markmiði að rekstur hvers árs rúmist innan fjárheimilda. Svigrúm til endurgreiðslu skuldar við ríkissjóð myndast fyrst og fremst með því að reksturinn skili afgangi. Þessu til viðbótar mun ráðuneytið beina þeim til-mælum skólans að handbært fé hans sé ekki umfram það sem daglegur rekstur krefst hverju sinni og að því sem umfram er verði skilað í ríkissjóð.“

4. Viðskiptakröfur gefi rétta mynd af stöðu Hólaskóla

„Verulegt átak hefur verið til að raunhæf mynd náist af virði kröfusafns skólans. Átakið var tvíþætt. Annars vegar var gert átak í innheimtu krafna. Hins vegar var ráðist í afskriftir eldri viðskiptakrafna. Samtals voru afskrifaðar 32 m.kr. árin 2011 og 2012. Það er mat skólans að bókfært virði kröfusafns skólans sé nú raunhæft. Í dag eru eldri viðskiptakröfur skólans tiltölulega fáar og ástæða þess að þær hafa ekki verið afskrifaðar er það mat skólans að þær séu enn innheimtanlegar.“

5. Taka verður tillit til uppsafnaðs halla í rekstraráætlun Hólaskóla

„Ljóst hefur verið að breytinga er þörf á stöðu Hólaskóla bæði á faglegum og fjárhagslegum forsendum. Fjárhagslegt sjálfstæði er mikilvæg forsenda háskóla og í umræðu um breytingar m.a. mögulega sameiningu Hólaskóla við aðra háskólastofnun hefur legið fyrir að samhliða þurfi að taka á uppsöfnuðum halla stofnunarinnar. Á meðan ekki liggur fyrir ákvörðun um fyrirkomulag starfsemi Hólaskóla til framtíðar (samanber ábendingu nr. 1 hér ofar) er ekki að vænta beinna afgerandi aðgerða að hálfu ráðuneytisins.“

6. Aðgreining skólahalds frá staðarhaldi á Hólum verði flýtt

„Ákvarðanataka varðandi aðgreiningu á skólahaldi frá staðarhaldi er afar brýnt verkefni sem ráðuneytinu hefur ekki tekist að leiða til lykta. Forsendur þess er samningsgerð við Sveitarfélagið Skagafjörð um lögbundna þjónustu við þéttbýlið á Hólum. Ráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir nauðsynlegri fjármögnun til að koma á slíkum samningi án árangurs.“

Viðbrögð Háskólinn á Hólum

1. Rekstur Hólaskóla verður að vera í samræmi við fjárheimildir

„Rekstur Háskólans á Hólum árið 2014 er í samræmi við fjárheimildir og var það einnig árið 2013. Eins og fram kemur í skýrslu þessari er innleiðingu verkefnabókhalds nýlega lokið. Eftirfylgni með einstökum þáttum rekstrar Háskólans á Hólum er auðveld og aðgengileg og mikillar nákvæmni gætt í öllu starfi og eftirfylgni verkefna. Þann 1. mars 2014 tók skólinn upp rafrænt samþykktarferli. Háskólinn á Hólum tekur undir þær athugasemdir Ríkisendurskoðunar að alltaf megi þó gera betur, og eftir þeirri hugmyndafræði starfar starfsfólk háskólans. Háskólinn á Hólum tekur undir athugasemd Ríkisendurskoðunar þess efnis að Háskólinn á Hólum þurfi að leita leiða til úrlausa á fjárhagsstöðu skólans í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.“

2. Viðskiptakröfur verða að vera rétt metnar

„Viðskiptakröfur eru innheimtar með markvissum hætti í gegnum innheimtufyrirtækið Inkasso. Mikið hefur verið unnið í að afskrifa og afstemma viðskiptakröfur síðan árið 2011. Þær eru einnig undir eftirliti og innheimta er virk. Afskriftir stöku krafna eru þó óhjákvæmilegar en þá til afskrifta kemur, er unnið að þeim í samstarfi

við Ríkisendurskoðun. Í uppgjöri ársins 2013 óskaði Háskólinn á Hólum þess við Ríkisendurskoðun að sjö kröfur yrðu afskrifaðar, beiðni um afskriftir fimm skammtímakrafna var samþykkt en tveimur var hafnað. Háskólinn á Hólum fagnar góðum viðmóti starfsmanna Ríkisendurskoðunar í öllum samskiptum. Samstarfi Háskólans á Hólum við Ríkisendurskoðun varðandi áframhaldandi vinnu að fagmannlegum og ábyrgum starfsháttum verður fram haldið.“

3. Rekstraráætlun sé nýtt sem stjórnæki

„Háskólinn á Hólum nýta rekstraráætlanir sem stjórnæki í ábyrgum rekstri stofnunarinnar. Frá því að verkefnabókhald var innleitt hafa rekstraráætlanir Háskólans á Hólum orðið markvissari og nýtast betur með hverju árinu við stjórnun stofnunarinnar. Jafnframt taka allir deildarstjórar þátt í gerð rekstraráætlana með rektor og fjármálastjóra. Reglulega er farið yfir reksturinn á framkvæmdaráðsfundum og árs- hlutauppgjör gerð á þriggja mánaða fresti. Má segja að áætlanagerð Háskólans á Hólum sé komið í mjög gott og skilvirkt ferli og eftirfylgni góð. Haldið verður áfram að bæta notkun rekstraráætlana við stjórnun. Áætlun sértekna, getur þó aldrei orðið hárnákvæm, því sértekjuáætlun byggir á mati stofnunarinnar á líkum þess að styrkumsóknir starfsmanna hljóti brautargengi innan innlendra og erlendra samkeppnissjóða.“

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu almannaafjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis í rekstrinum og benda á leiðir til úrbóta.

Eftirfylgni í samræmi við alþjóðlegan staðal

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórn-sýsluendurskoðun (ISSAI 3000) er hverri úttekt Ríkisendurskoðunar fylgt eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi er lögð megináhersla á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

Árið 2011 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á hlutverki og verkefnum Háskólans á Hólum og stöðu hans innan háskólakerfisins. Í ljósi þess hvað fjárhagsstaða skólans var alvarleg var einnig fjallað um rekstur hans og efnahag. Niðurstöður úttektarinnar birtust í skýrslunni *Hólaskóli – Háskólinn á Hólum* (nóvember 2011). Í þessari eftirfylgniskýrslu er leitast við að meta hvort og þá hvernig mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur brugðist við sjö ábendingum sem beint var til þess í skýrslunni árið 2011 og hvernig Háskólinn á Hólum hefur brugðist við þremur ábendingum sem beint var til hans.

Við mat á því hvort ábendingar Ríkisendurskoðunar hefðu leitt til æskilegra umbóta var aflað upplýsinga og gagna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti og Háskólanum á Hólum. Þessir aðilar fengu drög að skýrslunni til umsagnar auk þess sem óskað var eftir viðbrögðum þeirra við ítrekuðum ábendingum. Þau viðbrögð eru birt hér að framan. Ríkisendurskoðun þakkar ráðuneytinu og háskólanum gott samstarf.

2 Hólaskóli – Háskólinn á Hólum

2.1 Útdráttur úr skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2011

Í skýrslunni [Hólaskóli – Háskólinn á Hólum](#) (nóvember 2011) var leitað svara við því hvort verkefni Háskólans á Hólum væru vel skilgreind, hvort staða hans innan háskólakerfisins væri skýr og hvort hann ætti sér framtíð í þáverandi mynd. Ekki var lagt sjálfstætt mat á gæði námsins, mögulegan árangur þess eða ávinning. Í ljósi alvarlegrar fjárhagsstöðu skólans var sérstaklega fjallað um rekstur hans og efnahag. Úttektin náði að mestu til árana 2005–10 en að nokkru leyti einnig til ársins 2011.

Fjárhagsstaða
Hólaskóla
alvarleg

Í skýrslunni kom fram að Háskólinn á Hólum væri minnstur þeirra sjö háskóla sem starfræktir voru á Íslandi. Hann hefði fengið leyfi til kennslu á háskólastigi árið 2003 en verið formlega gerður að háskóla árið 2007. Veturinn 2010–11 voru 247 nemendur við skólann og hafði fjölgað um 60 frá skólaárinu á undan. Af þeim voru 156, eða 63%, í fjarnámi, langflestir á ferðamálabraut. Áætlaðar heildartekjur Hólaskóla árið 2011 námu um 416 m.kr., þar af var framlag úr ríkissjóði 232 m.kr. Sértekjur skólans voru því hátt í helmingur af heildartekjum hans.

Skólinn minnstur
sjö háskóla á
Íslandi

Fram kom að í byrjun árs 2008 hefði stjórnslulegt forræði Hólaskóla færst frá landbúnaðarráðuneyti (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ráðuneytið hefði síðan þá unnið að því að skýra stöðu skólans innan háskólakerfisins, fella hann undir lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og fá lög um búnaðarfræðslu felld úr gildi. Þá hefði ráðuneytið unnið að því að lagfæra fjárhagsstöðu og fjármálastjórn skólans og tryggja að hann uppfyllti faglegar kröfur háskólastigsins og hefði lágmarksfjölda ársnemenda.

Unnið að því að
fella skólann
undir lög um
opinbera háskóla
árið 2011

Í skýrslunni árið 2011 kom fram að Hólaskóli væri mikilvægur fyrir atvinnu- og efnahagslíf í heimabyggð sinni. Þar væri góð aðstaða og þekking til verklegrar kennslu og rannsókna í fiskeldis- og fiskalíffræði og hestafræðum. Ríkisendurskoðun taldi að verkefni Hólaskóla væru nokkuð vel skilgreind í reglugerð um skólann. Þar væri þó kveðið á um að hann sinnti verkefnum vegna staðarhalds á Hólum sem gæti ekki flokkast undir hefðbundið háskólastarf. Fram kom að mennta- og menningarmálaráðuneyti og skólinn ynnu að því að greina staðarhald frá skólahaldi og semja við Sveitarfélagið Skagafjörð um að það tæki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið á Hólum. Fyrir lægi viljayfirlýsing frá sveitarfélaginu vegna þessa og unnið væri að samningi þar um. Í kjölfarið yrði að greina kostnað við staðarhaldið og skipta honum milli fjögurra ráðuneyta sem að því kæmu, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti), innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis (nú fjármála- og efnahagsráðuneyti). Stefnt væri að því að ná samningum fyrir árslok 2011. Jafnframt áformaði ráðuneytið að ganga frá samningi við skólann um kennslu og rannsóknir, verðmeta nám við skólann, flokka það og fella að reglum um fjárveitingar til háskóla.

Unnið að því að
greina staðarhald
frá skólahaldi árið
2011

Spurningar um hagkvæmni rekstrar Hólaskóla og framtíð hans

Þá kom fram að mikill uppsafnaður halli og háar skuldir vektu spurningar um hagkvæmni Hólaskóla sem rekstrareiningar og framtíð hans í þáverandi mynd. Það eitt að fella fjárveitingar til skólans að almennum reglum um fjárveitingar til háskóla tryggði honum ekki aukin ríkisframlög. Tiltekinn lágmarksfjöldi ársnemenda þyrfti við hverja deild til að standa fjárhagslega undir faglegum kröfum sem gerðar væru til háskóla og falla að reglum um fjárveitingar til þeirra. Fram að þessu hefði fjöldi ársnemenda Hólaskóla ekki náð þessu lágmarki en heildartekjur og aðstaða skólans, einkum til bóklegs náms, hömluðu því að hann gæti tekið við mikið fleiri nemendum.

76 m.kr. uppsafnaður halli í árslok 2010 og 178 m.kr. skuld við ríkissjóð

Fram kom að við yfirfærslu Hólaskóla frá landbúnaðarráðuneyti til mennta- og menningarmálaráðuneytis hafi hann fengið rúmlega 239 m.kr. aukafjárveitingu árin 2007 og 2008 til að koma jafnvægi á fjármál sín til frambúðar. Við fjárhagslega endurskipulagningu skólans árið 2009 hafi hann einnig fengið 100 m.kr. greiðslu umfram fjárveitingar úr ríkissjóði til að greiða niður viðskiptaskuldir sem safnað höfðu miklum dráttarvöxtum. Árin 2009 og 2010 hefði rekstur Hólaskóla að mestu rúmast innan fjárveitinga ársins en uppsafnaður rekstrarhalli næmi engu að síður 76 m.kr. í árslok 2010. Heildarskuldir væru 207 m.kr., þar af væri 178 m.kr. skuld við ríkissjóð.

Raunveruleg fjárhagsstaða verri en bókhald sagði til um

Í skýrslunni árið 2011 benti Ríkisendurskoðun á að ársreikningur Hólaskóla hefði verið áritaður með fyrirvara árið 2008 vegna óvissu um að bókfærð staða viðskiptakrafna hans gæfi rétta mynd af þeim. Stór hluti þeirra hafi verið kominn til ára sinna og óvíst hvort þær yrðu innheimtar. Þá hefðu þær ekki verið stemmdar af þótt margar þeirra væru þegar greiddar. Þar sem skólinn hefði ekki brugðist við athugasemdum Ríkisendurskoðunar hefðu ársreikningar árána 2009 og 2010 ekki verið áritaðir með álitum um að þeir gæfu glögga mynd af stöðu skólans eins og venja væri. Raunveruleg fjárhagsstaða skólans væri enda verri en bókhald hans segði til um sem næmi nauðsynlegum afskriftum þessara krafna.

Óskað var eftir 60 m.kr. aukafjárveitingu 2011 sem ekki fékkst

Fram kom að á árinu 2011 hefði mennta- og menningarmálaráðuneyti farið fram á það við fjármálaráðuneyti að skólinn fengi 60 m.kr. aukafjárveitingu til að lækka uppsafnaðan halla en það hefði ekki gengið eftir. Ríkisendurskoðun benti á að slík fjárveiting hefði aðeins leyst vanda skólans að hluta þar sem uppsafnaður halli (eftir leiðréttingu viðskiptakrafna) og skuldir við ríkissjóð næmu að lágmarki þrefaldri þeirri fjárhæð.

2.2 Þróun rekstrar og efnahags Hólaskóla árin 2010–14

Fjárhagsstaða skólans versnað frá 2010

Fjárhagsstaða Hólaskóla hefur enn versnað frá árinu 2010. Eins og sést í töflu 2.1 varð 20,5 m.kr. afgangur af rekstrinum 2013 en halli árin á undan, mestur 58 m.kr. árið 2011. Samkvæmt rekstraráætlun Hólaskóla fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 20,5 m.kr. halla en skólinn hyggst nýta afgang ársins 2013 til rekstrar það ár. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 21,8 m.kr. árin 2010–13, eða um 7,5%. Árið 2010 námu þau 59,5% af heildargjöldum en 62,4% árið 2013. Vaxtakostnaður skólans lækkaði úr 661 þús.kr. árið 2010 í 81 þús.kr. 2013. Ársverk 2010 voru 48,3 en 43,5 árið 2013.

Framlag ríkissjóðs á verðlagi hvers árs hækkaði 2010–13

Framlag ríkissjóðs á verðlagi hvers árs hækkaði á tímabilinu 2010–13 um 49,1 m.kr., eða um 19,2%. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2014 var ráðgert að framlagið lækkaði um 35,8 m.kr. að frátöldum launa- og verðlagshækkunum en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015 er gert ráð fyrir að það lækki um 0,7 m.kr.

2.1	Rekstur Hólaskóla 2010–14 í m.kr.*					
	2010	2011	2012	2013	Br. í % 2010–13	2014
Framlag og tekjur						
Framlag skv. fjárlögum	249,6	231,7	242,2	303,2	21,5	268,5
Ýmsar viðbætur	5,5	6,8	55,4	1,0	-81,8	
Framlag samtals	255,1	238,5	297,6	304,2	19,2	268,5
Sértekjur og rekstrartekjur	227,3	211,6	197,8	217,7	-4,2	207,5
Framlag og tekjur alls	482,4	450,1	495,4	521,9	8,2	476,0
Gjöld						
Laun og launatengd gjöld	291,0	295,2	313,6	312,8	7,5	307,6
Annar rekstrarkostnaður	198,1	212,9	225,5	188,6	-4,8	188,9
Gjöld alls	489,1	508,1	539,1	501,4	2,5	496,5
Afgangur / halli ársins	-6,7	-58,0	-43,7	20,5		-20,5

* Byggt á ársreikningum 2010–13 og rekstraráætlun 2014. Á verðlagi hvers árs.

Í töflu 2.2 kemur fram að viðskiptakröfur hafi lækkað árin 2010–13 um 46,6%. Hins vegar hefur skuld við ríkissjóð hækkað um 31,3% á sama tímabili. Í árslok 2013 var uppsafnaður halli skólans 157,2 m.kr. og í árslok 2014 stefnir í að hann verði 178 m.kr. eða rúmlega tvöfalt hærri en hann var árið 2010.

Stefnir í að uppsafnaður halli verði 178 m.kr. í árslok 2014

Gisti- og veitingaþjónusta, Ferðaþjónustan á Hólum, er rekin í tengslum við Hólaskóla en þó utan rekstrarumgjafar hans. Samkvæmt drögum að ársreikningi fyrir árið 2013 var eigið fé Ferðaþjónustunnar í árslok 2013 neikvætt um 33,8 m.kr. en það var neikvætt um 19,2 m.kr. í árslok 2012. Í samþykktum Ferðaþjónustunnar segir að hún sé félagasamtök og í bréfi þáverandi skólameistara bændaskólans á Hólum, sem var undanfari háskólans, til Hagstofu Íslands frá 28. apríl 1996 óskaði hann eftir sérstakri kennitölu fyrir hana og tók fram að skólinn bæri yfirbyggð á starfsemi hennar. Að mati Ríkisendurskoðunar er því óljóst hvort og þá hvaða ábyrgð Hólaskóli ber á rekstri Ferðaþjónustunnar. Stofnunin hefur málið til skoðunar í tengslum við endurskoðun sína á ársreikningi Hólaskóla vegna ársins 2013.

2.2	Efnahagur Hólaskóla 2010–13 í m.kr.*				
	2010	2011	2012	2013	Br. í % 2010–13
Efnahagur					
Viðskiptakröfur	100,0	60,4	44,1	53,4	-46,6
Aðrar eignir	30,9	28,4	24,4	34,4	11,3
Eignir alls	130,9	88,8	68,5	87,8	-32,9
Skuld við ríkissjóð	177,6	212,3	231,1	233,1	31,3
Aðrar skuldir	29,3	10,5	15,1	11,9	-59,4
Skuldir alls	206,9	222,8	246,2	245,0	18,4
Uppsafnaður halli	-76,0	-134,0	-177,7	-157,2	106,8

* Byggt á ársreikningum 2010–13. Á verðlagi hvers árs.

2.3 Viðbrögð við ábendingum og mat á þeim

Í skýrslunni árið 2011 beindi Ríkisendurskoðun sjö ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ákveða þyrfti stöðu Hólaskóla til framtíðar, tryggja að rekstur

Sjö ábendingar til ráðuneytisins og þrjár til Hólaskóla 2011

hans rúmaðist ávallt innan fjárheimilda og finna varanlega lausn á skuld skólans við ríkissjóð. Þá var bent á mikilvægi þess að viðskiptakröfur skólans gæfu rétta mynd af stöðu hans og ráðuneytið hvatt til að samþykkja rekstraráætlun hans innan tímamarka, gera samning við skólann um kennslu og rannsóknir og flýta aðgreiningu skólahalds frá staðarhaldi á Hólum. Ríkisendurskoðun beindi jafnframt þremur ábendingum til Hólaskóla, þ.e. að rekstur skólans yrði að vera í samræmi við fjárheimildir, að viðskiptakröfur yrðu að vera rétt metnar og að rekstraráætlun skólans yrði nýtt sem stjórnþæki.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis tók undir sjónarmið Ríkisendurskoðunar

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis skilaði [álitinu sínu á skýrslu Ríkisendurskoðunar](#) 21. mars 2012. Nefndin tók undir þau sjónarmið stofnunarinnar að mikilvægt væri að mennta- og menningarmálaráðuneyti legði mat á hvort í því fælist faglegur og fjárhagslegur ávinningur að sameina Hólaskóla öðrum háskóla. Hvatti nefndin ráðuneytið til að flýta þeirri vinnu eins og kostur væri í ljósi þess að rekstrargrundvöllur skólans væri ekki traustur. Þá vakti nefndin athygli fjárlaganefndar á athugasemdum Ríkisendurskoðunar vegna ársreikninga Hólaskóla árin 2008–10.

2.3.1 Ábendingar til mennta- og menningarmálaráðuneytis

1 Mikilvægt að ákveða stöðu Hólaskóla til framtíðar

Ríkisendurskoðun hvatti mennta- og menningarmálaráðuneyti til að ákveða hvort Hólaskóli skyldi starfa áfram sem sjálfstæður opinber háskóli, sameinast öðrum háskóla eða vera gerður að sjálfseignarstofnun á forræði þeirra atvinnugreina sem nám hans lyti að eins og til hafi staðið árið 2008. Við þá ákvörðun yrði ráðuneytið að leggja raunsætt mat á fjárhagslega og faglega möguleika Hólaskóla til að standa fyllilega undir nafni sem sjálfstæður háskóli og meta líklegan kostnað og ábata mismunandi valkosta. Þá yrði að hafa heildarhagsmuni menntunar í landinu að leiðarljósi, sem og að fjármunir sem varið væri til háskólakennslu nýttust sem best. Loks yrði að líta til þeirrar aðstöðu og þekkingar sem væri fyrir hendi hjá Hólaskóla.

Unnið að breytingum á lögum um opinbera háskóla árið 2011

Í viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytis við ábendingunni árið 2011 kom fram að unnið væri að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla í þá veru að Hólaskóli félli undir gildissvið þeirra. Í tilefni af því fengi Alþingi gott tækifæri til að fjalla um stöðu skólans.

Breytingar á lögum tóku gildi 1. júlí 2013

Í upplýsingum ráðuneytisins 2014 um þróun mála frá árinu 2011 var greint frá því að með breytingum á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 sem tóku gildi 1. júlí 2013 hefði starfsemi Hólaskóla verið felld undir lög um opinbera háskóla. Með þeim féllu lög um búnaðarfræðslu úr gildi, sem og reglugerð nr. 244/2003 sem sett var á grundvelli þeirra. Við breytinguna hefði lagaumgjörð opinberra háskóla á Íslandi verið samræmd og starfsskilyrði þeirra jöfnuð. Ráðuneytið hefði búist við að Alþingi myndi í kjölfarið fjalla um stöðu Hólaskóla til framtíðar en af því hefði ekki orðið.

Gæðaráð gerði gæðaúttekt á starfsemi Hólaskóla 2013

Fram kom að árið 2013 hefði gæðaráð íslenskra háskóla gert gæðaúttekt á starfsemi Hólaskóla. Í niðurstöðum hennar sé bent á að viðkvæm fjárhagsstaða skólans hamli verulega þróun hans og að smæð hans ásamt háu hlutfalli fjarnema takmarki hagkvæmni sumra deilda. Að mati ráðuneytisins séu niðurstöðurnar hvatning til að kannaðir verði möguleikar á sameiningu skólans við aðra háskólastofnun. Af þess hálfu hafi þó hvorki verið undirbúin breyting á starfsemi Hólaskóla né unnið að sameiningu hans

við annan háskóla. Ráðuneytið hafi lagt megináherslu á að undirbúa sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands við Háskóla Íslands. Verði af henni gætu skapast tækifæri til að sameina fleiri háskóla. Loks minnti ráðuneytið á stefnu sína frá ágúst 2010 um stór- aukið samstarf opinberra háskóla með hugsanlega sameiningu í huga.

Ríkisendurskoðun telur jákvætt að gæðaráð íslenskra háskóla hafi gert úttekt á Hólaskóla og að ráðuneytið líti á niðurstöður þess sem hvatningu til að kanna möguleika á sameiningu hans við aðra háskólastofnun. Það sé miður að ráðuneytið hafi ýtt málinu til hliðar vegna mögulegrar sameiningar annarra háskólastofnana. Þar sem staða Hólaskóla til framtíðar er enn óljós ítrekar Ríkisendurskoðun ábendingu sína.

Ráðuneytið telur niðurstöður gæðaráðs hvatningu til að skoða sameiningu

2 Tryggja verður að rekstur Hólaskóla rúmist innan fjárheimilda

Ríkisendurskoðun benti á að ef Hólaskóli yrði áfram rekinn sem sjálfstæður opinber háskóli yrði mennta- og menningarmálaráðuneyti að tryggja að rekstrarforsendur hans væru raunhæfar og að aga gætti í fjármálastjórn svo reksturinn rúmaðist ávallt innan fjárheimilda. Tækist það ekki var bent á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá yrði ráðuneytið, í samstarfi við Hólaskóla, að leita lausna á uppsöfnuðum halla skólans án tillits til rekstrarforms hans.

Í viðbrögðum sínum árið 2011 tók mennta- og menningarmálaráðuneyti undir ábendinguna og kvaðst hafa unnið að málinu frá því Hólaskóli var færður til þess frá landbúnaðarráðuneyti í ársbyrjun 2008. Rektor skólans hafi m.a. verið sett erindisbréf í janúar 2009. Þá hafi það ítrekað lagt til við fjármálaráðuneyti að sótt yrði um auknar fjárveitingar til að bæta fjárhag skólans en það hafi aðeins orðið við því að hluta. Ráðuneytið gerði ráð fyrir að samningur um skipulagsmál við sveitarfélagið myndi lækka útgjöld skólans og batt vonir við að aðgreining staðarhalds frá skóla- rekstri auðveldaði fjármálastjórn hans.

Ráðuneytið tók undir ábendinguna 2011

Í ársbyrjun 2014 taldi ráðuneytið að Hólaskóli yrði rekinn með afgangi árið 2013 vegna mikils aðhalds nýrra stjórnenda í rekstri skólans, skipulagsbreytinga í hagræðingarskyni og tímabundinnar 39 m.kr. fjárveitingar í fjárlögum 2013.

Árið 2013 var 20,5 m.kr. hagnaður af rekstri skólans en hann var rekinn með halla árin á undan og í árslok 2013 nam uppsafnaður halli 157,2 m.kr. (sjá töflur 2.1 og 2.2). Samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta verða stofnanir með uppsafnaðan halla umfram 4% af fjárheimild ársins að hagræða þannig í rekstri að hallinn sé greiddur upp á árinu. Fari uppsafnaður halli yfir 10% af fjárheimild stofnunar skal viðkomandi ráðuneyti meta ábyrgð forstöðumanns á stöðunni áður en það leitar eftir viðbótarfé fyrir hennar hönd. Þetta hlutfall var 59,7% hjá Hólaskóla árið 2012 og 51,7% árið 2013.

20,5 m.kr. hagnaður 2013, 157,2 m.kr. uppsafnaður halli í árslok

Í reglugerðinni segir einnig að ráðuneyti beri ábyrgð á að forstöðumaður stofnunar grípi til nauðsynlegra úrræða til að ráða bót á rekstrarvanda hennar.

Á fundi Ríkisendurskoðunar með Hólaskóla í júní 2013 um alvarlega eiginfjárstöðu skólans lagði hann áherslu á að vera innan fjárveitinga ársins án tillits til halla fyrri ára. Samkvæmt langtímaáætlun skólans árin 2014–16 væri þó stefnt að 50 m.kr. hagræðingu (sparnaði) á ári. Engu að síður gerir rekstraráætlun skólans fyrir árið 2014 ráð

fyrir að hann verði rekinn með halla það ár. Í þessu sambandi er jafnframt minnt á að áhöld eru um hvort Hólaskóli beri yfirábyrgð á rekstri Ferðaþjónustunnar á Hólum en neikvætt eigið fé hennar í árslok 2013 var 33,8 m.kr. (sjá kafla 2.2).

Ríkisendurskoðun telur brýnt að mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hólaskóli bregðist sem fyrst við alvarlegri fjárhagsstöðu skólans (sjá kafla 2.2), í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ábendingin er því ítrekuð.

3 Finna verður varanlega lausn á skuld skólans við ríkissjóð

Ríkisendurskoðun benti á mikilvægi þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti tryggði að ríkissjóður fengi endurgreiddar þær 100 m.kr. sem fjármálaráðuneyti fyrir milligöngu þess, greiddi Hólaskóla umfram fjárheimildir í mars 2009 til að grynna á viðskiptaskuldum hans, t.d. með því að halda eftir hluta af árlegum framlögum til skólans þar til féð yrði endurgreitt. Að öðrum kosti væri eðlilegt að ráðuneytið sækti um aukafjárveitingu vegna þessara fjármuna.

Í viðbrögðum sínum árið 2011 kvaðst mennta- og menningarmálaráðuneyti sammála því að skólinn ætti að greiða skuldir sínar. Það teldi þó að því bæri ekki að tryggja að Hólaskóli endurgreiddi ríkissjóði skuld sína við hann. Aðkoma þess að skuldavanda skólans hefði snúist um að hann greiddi niður vaxtaberandi skuldir til að lækka fjármagnskostnað. Ráðuneytið teldi mikilvægt að skólinn greiddi upp hluta af uppsöfnuðum rekstrarhalla á komandi árum en óraunhæft væri að hann gæti greitt upp skuldir sem næmu 30% af fjárveitingum skólans í fjárlögum án mikilla afleiðinga fyrir starfseminna. Ráðuneytið hefði verið í formlegu sambandi við fjármála- og efnahagsráðuneyti vegna þessa og myndi beita sér fyrir niðurstöðu í málinu.

Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að það hefði lagt áherslu á það við stjórnendur Hólaskóla að skólinn héldi sig innan fjárveitinga hvers árs, m.a. með bættum rekstri, niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda, virkri þátttöku í samstarfsneti opinberra háskóla og hagræðingu, t.d. útivistun verkefna. Vegna mikils niðurskurðar á fjárveitingum til skólans gæti hann ekki greitt niður skuld við ríkissjóð án þess að það kæmi mikið niður á starfsemi hans. Ráðuneytið benti á að lög um háskóla og lög um opinbera háskóla veittu þeim mikið sjálfstæði og sjálfðæmi um starfsemi sína. Það kvaðst hafa óskað formlega eftir að hluti skuldar við ríkissjóð yrði felldur niður í lokafjárlögum eða jafnhá fjárveiting veitt í fjárukalögum til að greiða af skuldinni en án árangurs.

Frá árinu 2010 hefur skuld Hólaskóla við ríkissjóð hækkað úr tæpum 178 m.kr. í rúm- ar 233 m.kr. í árslok 2013, eða um 31,3% (sjá töflu 2.2). Mennta- og menningarmálaráðuneyti, í samráði við Hólaskóla og fjármála- og efnahagsráðuneyti, verður að taka málið fastari tókum og vinna að farsælli lausn þess. Ábendingin er ítrekuð.

4 Viðskiptakröfur gefi rétta mynd af stöðu Hólaskóla

Í skýrslunni árið 2011 kom fram að Ríkisendurskoðun hefði við reglulega fjárhagsendurskoðun á Hólaskóla ítrekað bent á óvissu í viðskiptakröfum skólans og að þar væri mikilla leiðréttinga þörf. Vegna þessa væri fjárhagsstaða skólans mun verri en ársreikningur hans árið 2010 segði til um enda hefði hann ekki verið áritaður með álitum um að hann gæfi glögga mynd af stöðu skólans. Ríkisendurskoðun beindi því til mennta- og menningarmálaráðuneytis að það fylgdi því eftir af festu að Hólaskóli

Árið 2011 var
ráðuneytið sam-
mála því að skól-
inn ætti að greiða
skuldir sínar

Skuld við ríkis-
sjóð orðin 233
m.kr. í árslok
2013

kæmi viðskiptakröfum sínum í eðlilegt horf þannig að bókfært virði þeirra gæfi ávallt rétta mynd af raunverulegri stöðu.

Í viðbrögðum sínum árið 2011 kvaðst ráðuneytið telja mikilvægt að ársreikningur skólans gæfi rétta mynd af rekstri hans og efnahag. Það hefði talið, á grundvelli endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2007, að nauðsynlegar leiðréttingar hefðu verið gerðar á viðskiptabókhaldi skólans. Það væru því vonbrigði að enn væru kröfur í bókhaldi hans sem komnar væru til ára sinna en á því taldi ráðuneytið sig ekki bera ábyrgð.

Mikilvægt að ársreikningar gefi rétta mynd af rekstri skólans

Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að eftir að Ríkisendurskoðun hefði gert athugasemdir við meðferð viðskiptakrafna í endurskoðunarbréfum hafi áttak verið gert í afskriftum gamalla viðskiptakrafna hjá Hólaskóla, sem og krafna sem ekki þóttu innheimtanlegar. Núverandi staða þeirra gæfi því mun betri mynd af fjárhagsstöðu skólans en áður.

Í árslok 2010 voru óinnheimtar viðskiptakröfur 100 m.kr. en í árslok 2013 53,4 m.kr. (sjá töflu 2.2). Í árslok 2013 átti Hólaskóli t.d. óinnheimta kröfu á Ferðaþjónustuna á Hólum, að fjárhæð 12 m.kr., sem telja verður óvíst að fáist greidd í ljósi fjárhagsstöðu hennar (sjá kafla 2.2). Ríkisendurskoðun ítrekar ábendinguna.

Viðskiptakröfur 53,4 m.kr. í árslok 2013

5 Ráðuneytið samþykki rekstraráætlun skólans innan tímamarka

Ríkisendurskoðun benti á að ein af forsendum þess að rekstraráætlun Hólaskóla nýttist sem stjórnæki væri að ráðuneytið samþykkti hana innan réttra tímamarka.

Samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 ber forstöðumönnum stofnana að skila rekstraráætlun til síns ráðuneytis í síðasta lagi fyrir lok desember ár hvert sem skal rúmast innan fjárheimilda hennar, þ.e. árlegra fjárveitinga að frádregnum uppsöfnuðum halla. Fyrir miðjan janúar ár hvert skal ráðuneytið taka afstöðu til og staðfesta rekstraráætlun stofnunarinnar með eða án breytinga.

Í viðbrögðum sínum árið 2011 tók mennta- og menningarmálaráðuneyti undir þessa ábendingu. Árið 2014 upplýsti það að skólinn hefði skilað rekstraráætlun vegna 2014 þann 29. nóvember 2013. Yfirferð ráðuneytisins á áætlun og fylgigögnum hafi lokið 9. janúar 2014 og hún verið samþykkt 19. febrúar 2014.

Árið 2011 tók ráðuneytið undir ábendinguna

Að sögn Hólaskóla sendi hann ráðuneytinu drög að rekstraráætlunum vegna áráanna 2012 og 2014 innan tímamarka og það tók þær til afgreiðslu í samræmi við reglugerð. Vegna ársins 2013 óskaði skólinn eftir fresti sem var veittur. Skólinn sendi síðan endanlegar rekstraráætlanir eftir hver áramót. Rekstraráætlanir vegna áráanna 2012 og 2013 sem ráðuneytið samþykkti (2012 með fyrirvara) og skráðar eru í Orra voru innan fjárveitinga ársins og gerðu ráð fyrir rekstrarafgangi. Samkvæmt áætlun 2012 átti að greiða niður 33 m.kr. af uppsöfnuðum halla í árslok 2011 en það gekk ekki eftir.

Rekstraráætlanir 2012 og 2014 innan tímamarka

Að sögn mennta- og menningarmálaráðuneytis sendi það Hólaskóla bréf 14. janúar 2014 um að rekstraráætlun 2014 væri ekki innan fjárveitinga ársins því hún gerði ráð fyrir halla á árinu. Það hefði lagt áherslu á að rekstur skólans væri innan fjárveitinga ársins og að í ljósi fjárhagsstöðu hans yrði ekki hjá því komist að grípa til aðgerða til að aðlaga reksturinn að fjárheimildum til lengri tíma. 18. mars 2014 sendi Hólaskóli ráðuneytinu greinargerð með rekstraráætlun 2014 þar sem fram kom m.a. að hann hefði rekstrarafgang ársins 2013 til ráðstöfunar. Ráðuneytið svaraði 11. apríl 2014 að

Rekstrarafgangur 2013 nýttur til rekstrar 2014

Það gæti ekki samþykkt áætlunina því hún væri ekki innan fjárveitinga ársins 2014. Hólaskóli svaraði aftur 29. apríl 2014 að skrifstofustjóri vísinda og háskóla hefði staðfest við rektor Hólaskóla að honum væri heimilt að flytja rekstrarafgang 2013 milli ára og vísaði í tölvupóst frá 9. janúar 2014 þess efnis. Ríkisendurskoðun veit ekki til þess að ráðuneytið hafi brugðist við þessu svari Hólaskóla.

Rekstraráætlun 2014 gerir ráð fyrir 20,5 m.kr. halla

Rekstraráætlun Hólaskóla árið 2014 gerir því ráð fyrir 20,5 m.kr. halla eða sömu fjárhæð og nam rekstrarafgangi ársins 2013. Að mati Ríkisendurskoðunar átti ráðuneytið ekki að heimila Hólaskóla að nýta hagnað ársins 2013 í rekstur árið 2014 heldur hefði átt að nýta hann til að lækka uppsafnaðan halla og/eða skuldir.

Taka verður tillit til uppsafnaðs halla

Ríkisendurskoðun telur vinnubrögð mennta- og menningarmálaráðuneytis við afgreiðslu rekstraráætlunar skólans 2014 óviðunandi. Þá nægir ekki að ráðuneytið samþykki rekstraráætlunir innan tímamarka. Það verður einnig að taka tillit til uppsafnaðs halla, sbr. reglugerð nr. 1061/2004. Ábendingin er ítrekuð með þessari áherslu.

6 Aðgreiningu skólahalds frá staðarhaldi á Hólum verði flýtt

Ríkisendurskoðun benti á að samkvæmt reglugerð frá árinu 2003 teldist staðarhald á Hólum til verkefna Hólaskóla. Slíkt samræmdist illa hlutverki hans sem háskólastofnunar. Mikilvægt væri því að ráðuneytið beitti sér fyrir að samkomulag næðist fljótt við Sveitarfélagið Skagafjörð um að það tæki yfir lögbundna þjónustu við þéttbýlið Hóla og að það semdi við þrjú önnur ráðuneyti sem koma að staðarhaldinu um skiptingu kostnaðar sem því tengist.

Gera átti samkomulag um aðgreiningu staðarhalds og skólahalds árið 2011

Í viðbrögðum við þessari ábendingu árið 2011 sagðist mennta- og menningarmálaráðuneyti stefna að samkomulagi fyrir lok þess árs um skilgreiningu á staðarhaldi og kostnaðarskiptingu þannig að staðarhald yrði aðgreint frá háskólastarfsemi. Unnið væri að breytingum á lögum um að Hólaskóli félli undir lög um opinbera háskóla. Þar með yrði staðarhald ekki lengur lögbundið verkefni skólans.

Starfshópur komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu árið 2012

Árið 2014 upplýsti ráðuneytið að það hefði unnið að gerð samnings við Sveitarfélagið Skagafjörð um að þjónusta við þéttbýlið á Hólum yrði í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga í stað þess að skólinn kostaði þjónustuna. Ein forsenda þess væri þó að gerðar yrðu aðkallandi úrbætur á fráveitukerfi staðarins á grundvelli fyrirbyggjandi úttektar á ástandi og kostnaðarskiptingu. Sveitarfélagið teldi að ríkissjóður ætti að greiða þær og að það tæki síðan yfir forræði á skipulags- og fráveitumálum, gatnagerð o.fl. vegna þéttbýlisins á Hólum. Að sögn ráðuneytisins vann starfshópur á árinu 2012 á vegum þess og fjármála- efnahagsráðuneytis að málefnum Hólaskóla en sú vinna leiddi ekki til sameiginlegrar niðurstöðu. Viðræður hafi legið niðri síðan.

Ekki fjallað um staðarhald í samningi um kennslu og rannsóknir

Í reglugerð um Hólaskóla nr. 244/2003 kom m.a. fram að hann annaðist staðarhald og varðveitti menningararf staðarins. Hún var sett með vísan í lög nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu en þau lög féllu úr gildi með setningu laga nr. 56/2013. Reglugerðin er þar með ekki lengur með stoð í lögum og því verður að líta svo á að hún sé fallin úr gildi. Í nýju lögunum eru ekki ákvæði um að skólinn skuli annast staðarhald á Hólum. Ekki er heldur fjallað um staðarhaldið í samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hólaskóla frá 4. júlí 2012 um kennslu og rannsóknir 2012–16 en tekið fram að skólinn starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Ríkisendurskoðun ítrekar ábendinguna og hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti til að leiða málið til lykta sem fyrst.

7 Mikilvægt að gerður verði samningur um kennslu og rannsóknir

Ríkisendurskoðun benti á mikilvægi þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti verðmæti og flokkaði nám við Háskólann á Hólum og felldi það að reglum um fjárveitingar til háskóla, óháð því hvert rekstrarform skólans yrði. Jafnframt væri mikilvægt að ráðuneytið gengi frá samningi við skólann um kennslu og rannsóknir til að tryggja gæði og árangur í samræmi við skýra markmiðasetningu. Þá væri æskilegt að meta kosti þess að setja á fót starfstengt réttindanám og alþjóðlega deild í hestamennsku til að nýta aðstöðu skólans sem best.

Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2011 kom fram að það hefði unnið að því að flokka og verðleggja nám við Hólaskóla með það að markmiði að skólinn yrði felldur undir reglum um fjárveitingar til háskóla. Þegar samið hefði verið um skipulagsmál og staðarhald myndu skapast forsendur til að ganga frá samningi um háskólastarfsemina. Ráðuneytið stefndi að því að samningagerð vegna Hólaskóla yrði lokið fyrir áramótin 2011/2012.

Að sögn ráðuneytisins árið 2014 var nám við Hólaskóla skilgreint og flokkað í verðflokka við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2014. Þá hefði samningur um kennslu og rannsóknir Hólaskóla 2012–16 verið undirritaður 4. júlí 2012. Samkvæmt honum byggja framlög ríkisins á fjölda ársnemenda, þ.e. ígildi nemenda sem stunda fullt nám við skólann. Miðað er við 250 ársnemendur að hámarki en 150 að lágmarki.

Tafla 2.3 sýnir fjölda ársnemenda við Hólaskóla árin 2011–13 samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis, auk viðmiðs sem sett er fram í fjárlögum hvers árs. Ársnemendur Hólaskóla voru fleiri 2011 og 2012 en viðmiðið gerði ráð fyrir enn færri árið 2013. Fjöldinn var hins vegar innan marka samningsins um kennslu og rannsóknir. Í fjárlögum 2014 er viðmiðið 188 ársnemendur og 181 samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2015.

Samningur 4. júlí 2012 um kennslu og rannsóknir 2012–2016

Fjöldi ársnemenda 2011–13 innan samnings

2.3	Fjöldi ársnemenda Hólaskóla 2011–13 og viðmið fjárlaga hvert ár			
Námsbraut/ár	2011	2012	2013	
Ferðamálafræði	130,0	126,0	111,5	
Fiskeldi	18,0	20,1	16,6	
Hestafræði	59,0	57,0	64,1	
Samtals	207,0	203,1	192,2	
Viðmið fjárlaga	190,0	170,0	202,0	

Ábendingin er ekki ítrekuð en Ríkisendurskoðun hvetur ráðuneytið til að nota öll tækifæri sem gefast til að nýta aðstöðuna á Hólum sem best.

2.3.2 Ábendingar til Hólaskóla

1 Rekstur Hólaskóla verður að vera í samræmi við fjárheimildir

Ríkisendurskoðun benti á að rektor Hólaskóla bæri ábyrgð á rekstri og starfsemi skólans. Stjórnendur yrðu að sýna aga og fagleg vinnubrögð í fjármálastjórn skólans, tryggja að rekstur hans væri innan fjárheimilda á hverjum tíma og að bókhaldið gæfi ávallt rétta mynd af stöðu hans. Þá var hvatt til að innleiðingu verkbókhalds yrði flýtt svo betri yfirsýn fengist um helstu kostnaðarþætti. Óviðunandi væri að vandi skólans

væri ítrekað leystur með aukafjárveitingum. Yfirstjórn skólans yrði, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, að leita varanlegra lausna á fjárhagsvanda hans.

Í viðbrögðum Hólaskóla árið 2011 kom fram að árin 2009 og 2010 hefði orðið viðsnún-ingur í rekstri skólans og hann verið í meira jafnvægi en áður. Skólinn hefði ekki haft burði til að greiða uppsafnaðan halla niður árin 2009–11 samhliða niðurskurði á fjár-lögum. Kostnaður við aðföng hefði stóraukist á tímabilinu vegna verðhækkana og margoft verið bent á aukna fjárþörf skólans. Skólinn væri í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti um verkefni og fjárveitingar hans til framtíðar. Þá ætlaði hann að flýta innleiðingu verkbókhalds sem hófst árið 2010.

**Verkbókhald
tekið upp 1.
janúar 2012**

Árið 2014 upplýsti Hólaskóli að hann hefði tekið upp verkbókhald 1. janúar 2012 og innleiðingu þess lokið árið 2013. Hann hefði átt í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneyti frá árinu 2011 um hlutverk sitt og 4. júlí 2012 hefðu þessir aðilar undirritað samstarfssamning um kennslu og rannsóknir. Markvisst væri unnið að lausn á rekstrarvandnum. Reksturinn hefði skilað afgangi árið 2013 vegna aðhalds í rekstri skólans, vel ígrundaðrar fjárhagsáætlunar og tímabundinnar fjárveitingar Alþingis.

**Óviðunandi að
Hólaskóli skuli
nýta afgang 2013
til rekstrar 2014**

Ríkisendurskoðun bendir á að Hólaskóli getur ekki aðeins lagt áherslu á að rekstrar-niðurstaða hans sé innan fjárveitinga hvers árs. Taka verði tillit til uppsafnaðs halla. Þá sé óviðunandi að rekstrarafgangur ársins 2013 skuli vera nýttur til rekstrarins 2014 í stað niðurgreiðslu á uppsöfnuðum halla. Loks hvetur stofnunin skólann til að nýta verkbókhaldið til skilvirkari stjórnunar og nákvæmari áætlunargerðar.

Ríkisendurskoðun bendir á þá alvarlegu fjárhagsstöðu skólans sem rakin er í kafla 2.2 og hvetur Hólaskóla til að bregðast markvisst við henni í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ábendingin er ítrekuð.

2 Viðskiptakröfur og –skuldir verða að vera rétt metnar

Ríkisendurskoðun benti á að viðskiptakröfur yrði að innheimta með markvissum hætti og bókfæra rétt. Eldri kröfur væru flestar frá árinu 2008 og fyrr og ljóst að bókfært virði þeirra væri hærra en raunvirði. Raunveruleg fjárhagsstaða skólans væri þ.a.l. verri en ársreikningur hans segði til um. Skólinn yrði því að tryggja, í samstarfi við Fjár-sýslu ríkisins og Ríkisendurskoðun, að nauðsynlegar afskriftir ættu sér stað fyrir árslok 2011. Einnig yrði að fara yfir gamlar viðskiptaskuldir og gera viðeigandi ráðstafanir.

Í viðbrögðum Hólaskóla árið 2011 kom fram að farið hefði verið að ráðgjöf Ríkisendur-skoðunar um færslu styrkja og reikninga. Verið væri að yfirfara kröfur frá 2008 í samvinnu við stofnunina og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hluti færslna hefði verið leiðréttur og skuldajafna ætti hluta eldri viðskiptakrafna.

Í upplýsingum frá Hólaskóla árið 2014 kom fram að skólinn hefði brugðist strax við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Frá árinu 2011 hefðu um 32 m.kr. verið afskrifaðar af viðskiptakröfum skólans en eftir standi kröfur sem enn sé talið að fáist greiddar. Þá hafi allar gamlar viðskiptaskuldir verið greiddar eða leiðréttar.

Ríkisendurskoðun telur að þótt tekist hafi að lækka viðskiptakröfur frá árinu 2010 úr um 100 m.kr. í um 53,4 m.kr. í árslok 2013 (sjá töflu 2.2) megi enn gera betur. Hólaskóli verði að ganga úr skugga um hvort í raun sé hægt að innheimta útistandandi kröfur og hefja þá innheimtuaðgerðir eða fá heimild til að afskrifa þær að öðrum kosti. Stofnunin minnir í þessu sambandi t.d. á 12 m.kr. kröfu skólans á Ferðapjónustuna á Hólum sem telja verður óvíst að fáist greidd í ljósi fjárhagsstöðu hennar. (sjá kafla 2.2 og ábendingu 4 til ráðuneytisins).

Innheimta verður útistandandi viðskiptakröfur

Ríkisendurskoðun ítrekar þann hluta ábendingarinnar sem snýr að viðskiptakröfunum en ekki þann hluta sem snýr að viðskiptaskuldum. Þær hafa lækkað úr 29,3 m.kr. í árslok 2010 í 11,9 m.kr. í árslok 2013 (sjá töflu 2.2). Stærstur hluti þeirra voru ógreiddir reikningar við birgja um áramót. Skólinn er þó hvattur til að fara reglubundið og markvisst yfir gamlar viðskiptaskuldir og gera viðeigandi ráðstafanir.

3 Rekstraráætlun sé nýtt sem stjórnþæki

Ríkisendurskoðun benti á nauðsyn þess að stjórnendur Hólaskóla nýttu rekstraráætlun hvers árs sem stjórnþæki til að halda rekstri innan fjárheimilda. Mikilvægt væri að greinargerð til ráðuneytisins fylgdi með rekstraráætlun hvers árs þar sem forsendur hennar væru raktar í samræmi við efnisliði hennar.

Í viðbrögðum Hólaskóla árið 2011 tók hann undir ábendinguna. Stefna skólans væri að nota rekstraráætlanir sem stjórnþæki. Talsverður árangur hefði náðst í þeim efnunundangengin ár. Í upplýsingum frá Hólaskóla árið 2014 kom fram að hann hafi markvisst, frá árinu 2009, notað rekstraráætlanir sem stjórnþæki. Greinargerðir fylgi rekstraráætlunum til ráðuneytisins. Deildarstjórar hefðu í fyrsta sinn tekið virkan þátt í gerð rekstraráætlunar ársins 2009 og þátttaka þeirra verið eflað árin 2012–14. Þetta styrkti eftirfylgni með rekstrinum og ábyrgð yfirstjórnar skólans. Uppgjör væru gerð á a.m.k. þriggja mánaða fresti. Þegar óvæntir útgjaldaliðir hafi komið upp árið 2013 hafi verkefnum verið forgangsraðað að nýju innan rekstraráætlunar skólans.

Árið 2011 tók Hólaskóli undir ábendinguna

Rekstraráætlanir Hólaskóla gerðu ráð fyrir rekstrarafgangi árin 2010–13. Séu þær hins vegar bornar saman við rauntölur þessara ára varð aðeins afgangur af rekstri árið 2013 og þá raunar meiri en skólinn áætlaði vegna hærri sértekna en áætlaðar voru. Það ár urðu gjöldin um 3% hærri en áætlað var. Árin 2010–12 var halli á rekstrinum. Gjöld skólans urðu hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem nemur 4,9% árið 2010, 15% árið 2011 og 12,9% árið 2012. Fyrstu átta mánuði ársins 2014 er reksturinn innan rekstraráætlunar en halli skólans nemur þó um 8,5 m.kr. Mennta- og menningarmálaráðuneyti samþykkti rekstraráætlun skólans árið 2014 með halla því hann gæti nýtt rekstrarafgang frá árinu 2013 til rekstrarins (sjá ábendingu 5 til ráðuneytisins).

Hólaskóla ber að halda rekstri sínum innan fjárheimilda hverju sinni, þ.e. árlegra fjárveitinga að frádregnum uppsöfnuðum halla. Að lágmarki verður skólinn að nýta allan rekstrarafgang til lækkunar á uppsöfnuðum halla í stað þess að ráðstafa honum í rekstur næsta árs. Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu sína.

Rekstur skal vera innan fjárheimilda, þ.e. að teknu tilliti til uppsafnaðs halla



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is